

**224. fundur**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 6. september 2021 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir aðalmaður, Sigríður Gísladóttir aðalmaður og Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Framkvæmdaáætlun 2022 til 2032 - 2021040094**

Kynnt samantekt Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnarstjóra, á fyrirhuguðum verkefnum Hafna Ísafjarðarbæjar til ársins 2032, vegna framkvæmdaáætlunar Ísafjarðarbæjar 2022-2032.

*Hafnarstjórn tekur vel í tillögur hafnarstjóra og vísar áætluninni til samþykktar í skipulags- og mannvirkjanefnd.*

**2. Gjaldskrár 2022 - 2021050043**

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Hafna Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2022.

*Hafnarstjórn samþykkir tillögu að gjaldskrá Hafna Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2022 og vísar henni til samþykktar í bæjarstjórn.*

**3. Innovative solutions for sustainable tourism in Nordic harbor towns - 2019050056**

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar, fer yfir stöðu samnorræns verkefnis um aukna sjálfbærni í móttöku skemmtiferðaskipa.

*Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi, fer yfir stöðu verkefnisins.*

**4. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2021-2022 - 2021020042**

Lögð fram fundargerð 436. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fram fór þann 20. ágúst 2021.

*Fundargerð lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:43**

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir

---

Sigríður Gísladóttir

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Tinna Ólafsdóttir